

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1358
komudagur 15.3.2004

Nefndasvið Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Tilvísun: 2004030014 / 44-001

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um vatnsveitu sveitarfélaga

Akureyrarbær gerir athugasemdir við að ekki er gert ráð fyrir að eigandi vatnsveitu geti áskilið sér arð af eigin fé vatnsveitu eins og eiganda hitaveitu er heimilt, sbr. 6. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967 þar sem eiganda hitaveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitunnar, enda er gert ráð fyrir því skv. 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að sveitarfélög setji sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.

Í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins segir að stjórn vatnsveitu skuli semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. þessara laga og að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Akureyrarbær gerir tillögu að það verði einnig tekið mið af því að eigandi áskilið sér arð.

Virðingarfyllst
f.h. Akureyrarbæjar

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður